

Gunnar J. Árnason

Haraldur Jónsson


Haraldur Jónsson

Haraldur Jónsson er einn af markverðari myndlistarmönnum af yngri kynslóðinni. Hann hefur valið skulptúr sem tjáningarmiðil sem byggir á hugmyndalegum forsendum og hefur skýrar vísanir út fyrir listhlutinn. Verk Haraldar, sem oftast eru gerð úr texi, hafa oftar en ekki að yrkisefni þögnina og hinn óefniskennnda veruleika. Verk hans eru lýsandi fyrir þann sköpunarkraft sem einkennir íslenska höggmyndalist um þessar mundir.

Fyrir hönd menningarmálanefndar býð ég Harald Jónsson velkominn með verk sín hér á Kjarvalsstaði.

Haraldur Jónsson ranks with the most noteworthy artists of the emerging generation in Iceland. As his medium he has chosen sculpture which is based on conceptual principles and has clear allusions beyond the art object itself. Generally made from tex boards, his works tend to address silence and non-material reality and amply illustrate the creative force that typifies Icelandic sculpture today.

On behalf of the Cultural Committee of the City of Reykjavík, I would like to welcome Haraldur Jónsson to exhibit his works at Kjarvalsstadir.



Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur/Chair, Cultural Committee of the City of Reykjavík

Gunnar J. Árnason


**NOKKRAR ATHUGASEMDIR UM
BYRJUNARREIT SKYNJUNAR**



Mars — maí 1996

www.schaeffler.com

NO FOMENTARON DIFUSIÓN
PARA LA VIDA SUSTENTABLE



© Schaeffler 2012

Nokkrar athugasemdir um byrjunarreit skynjunar

Hér á eftir koma lauslega tengdar athugasemdir sem mér komu í hug við að íhuga verk Haralds Jónssonar. Þær eru ekki útskýring á verkum hans. En ég hef sterkelega á tilfinningunni að athugasemdirnar nálgist, eða hringsóli, í kringum hugðarefni hans, á svipaðan hátt og sýningargestur sem er að reyna að ná áttum.

1.

Við getum horft á, hlustað á, snert, lyktað og bragðað á einum og sama hlutnum. Við þurfum ekki að reyna að setja saman einn hlut úr mörgum skynjanlegum eiginleikum. Litrur, hljóð, áferð, ilman og bragð — allt tilheyrir þetta einum og sama hlut. Ef ég vil einbeita mér að því sem tilheyrir einu skilningaráviti, t.d. sjóninni, verð ég að „taka hlutinn í sundur,” einangra vissa eiginleika og einbeita mér að því sem varðar sjónskynið sérstaklega.

2.

Ráðgátan er þessi: hvernig stendur á því að sá sem sér hlut og snertir á honum hefur samt vitund um aðeins einn hlut? Sá sem sér og sá sem snertir eru ekki tveir menn, þ.e. tvær vitundir í sama líkama. Til að leysa þessa ráðgátu hér áður fyrr þá ímynduðu menn sér að það væri til sameiginlegt skynfæri þar sem allar skynjanir hinna ólíku skynfæra væru skeyttar saman. Þar byggjum við til þann eina hlut sem við bæði snertum og sjáum. Núna er þetta sjálfsagt spurning um samþættingu heila starfseminnar. Hvernig væri að velta fyrir sér þeim möguleika að skynfaðin séu ekki einangruð heldur hvert öðru háð? Þegar við sjáum hlut þá sjáum við snertanlegan, ilmandi eða ætan hlut. Það krefst einbeitingar hugsans til að einangra „form“ og „lit“.

3.

Blámi himinsins gæti verið dæmi um eitthvað sem er einungis sjónræns eðlis — ekkert annað skilningarvit tekur þátt í skynjun okkar á himninum. En er vist að svo sé? Himinninn er fjarlægur og ósnertanlegur. Hann hefur ekki yfirborð og ekki áferð. Hann er fyrir ofan okkur, en samt ekki á neinum tilteknum stað. En að vera ósnertanlegur er jafnmikilvægur eiginleiki reynslunnar og áferð yfirborðs sem við getum numið með fingurgómunum.

4.

Á sýningu í Gerðubergi sýndi Haraldur verk sem hét *Himinn*, tvær raðir af ljósmyndum teknum með sterkri aðráttarlinsu af himninum. Sömu myndirnar, þrjátíu og sex talsins, voru framkallaðar tvísvar, bæði á mattan og glansandi ljósmyndapappír. Vitaskuld er himinninn hvorki mattur né glansandi þótt ljósmyndir séu það. En ef himinninn hefur enga áferð, — hvernig getum við verið svona viss um að hann sé ekki mattur eða glansandi? Á miðoldum héldu menn að himinninn væri gerður úr kristal. Þýðir þetta að við skynjum himininn á annan hátt nú á dögum eða er þetta aðeins spurning um hverju við trúum?

5.

Í myrkri verður heyrnin skörp. Við hlustum á myrkrið. Er það holt og tómt? Bergmálar það? Eða gleypir það allt hljóð, gljúpt og kyrrt? Dautt myrkur eða lifandi— opið eða lokað.

6.

Snertiheyrn; að þreifa á hlutum fyrir tilverknað heyrnarinnar. Loðin hljóð eða hörð. Pung hljóð eða létt.

7.

Synaesthesia, sem hefur verið þýtt sem *samskynjun*, er þegar við skynjum það sem tilheyrir einu skynsviði, t.d. hljóð, með skynfærum annars skynsviðs, t.d. sjónar. Þannig skynjum við hljóð sem lit, eða lit sem ilm, eða ilm sem snertingu, eða snertingu sem lit, o.s.frv. Eru þetta aðeins myndlíkingar? Eða kannski myndlíkingar sem eiga sér einhverja stoð í reynslunni? Eru nánari tengsl milli skilningarvitanna en við áttum okkur á í fljótum bragði?

8. Sjónsnerting

Sjón og snertiskyn eru mjög nátengd. Við horfum á yfirborð sem hefur

áferð og er misjafnlega þétt eða eftirgefanlegt. Það er eðlilegur hluti af því að sjá hlut að sjá hann annaðhvort sem harðan eða mjúkan. Ímyndum okkur að við hefðum ekki hugmynd um hvernig hlutir sem við sjáum væru viðkomu.

9.

Sagan af blinda manninum sem fékk sjónina og fór í dýragarðinn. Oliver Sacks segir frá manni sem hafði verið blindur frá fæðingu en fékk sjónina á miðjum aldri eftir skurðaðgerð. Þeir fóru saman í dýragarðinn þar sem Sacks bað hann að lýsa fyrir sér górlíluapa. Maðurinn átti í mesta basli með að lýsa með orðum því sem fyrir augu bar, en sagði að ef hann gæti fengið að þreifa á apanum þá ætti hann hægara með að lýsa honum. Sacks kom þá auga á bronsstytta af górlíluapa rétt hjá og leiddi manninn að henni. Maðurinn þreifaði á stytturni nokkra stund, sneri sér síðan að búrinu og sá þá górlíluna skýrt og greinilega.

Maðurinn hafði gaman af því að horfa á hafnabolta í sjónvarpinu, enda hafði hann ávallt fylgst af áhuga með hafnabolta í útvarpi. Sacks hélt í fyrru að þetta væri merki um að hann ætti auðvelt með að horfa á sjónvarp. En þegar hann lækkðaði niður í hljóðinu þá hætti maðurinn að sjá neitt á skjánum. Hann virtist reiða sig jafnmikið á heyrnarskynið og áður, þegar hann var blindur.

10.

Sumt af því sem við skynjum tilheyrir ekki neinu einu skilningarviti umfram önnur, þau eru á mörkum tveggja eða fleiri skilningarvita.

11. Purrefni

Þau efni sem Haraldur notar í verk sín eru yfirleitt mjög þurr. Teppi, svampar, texplötur. Purr, þétt, en gljúp, stundum loðin efni, sem gleypa í sig hljóð — mött, bæði fyrir sjón og heyrn. Efni sem afmarka og einangra.

Andstæðan við þurrefni er slímið, klístrug samloðun kökksins, sem hefur ekkert fast yfirborð. Hið slímuga hefur ekkert ytra borð og innra borð og leysir því upp mörkin milli innri og ytri.

12. Ló og ryk

Í einu verki pakkaði Haraldur ló og ryki, sem hann hafði safnað saman, í lofttærndar plastumbúðir. Ryk er til marks um algjöra kyrrstöðu. Þar sem er ryk þar gerist ekkert. Skynjun felur aftur á móti í sér hreyfingu.

Augað íðar í augntóftunum og er á sífelli flökti. Og hvað er hljóð annað en tif loftsins sem bifhár eyrnarkuðungsins nema? Skynjun þarfust hreyfingar eins og hugsun. Algjör kyrrstaða er því í vissum skilningi núllpunktur skynjunar.

13.

Í mannamyndum Rembrandts er athyglinni beint ákveðið að andlitinu og augunum. Augu leita alltaf að augum. En í myndum hans eru augasteinarnir venjulega mjög dökkir. Mér hefur alltaf fundist eins og þeir væru svartar holur í andlitinu.

Höfuðið er hluti af líkamanum, en andlitið er það ekki, segir Gilles Deleuze. Andlitið er yfirborð—holött yfirborð. Augun eru holur á þessu yfirborði, ekki hveljukenndar kúlur.

Holur andlitsins eru sérkennilegum eiginleikum búnar. Við getum horft inn í slíkar holur, en ekki út um þær.

(Eða er eðlilegt að segja: við horfum inn í holur en út um göt? En augun eru heldur ekki göt fyrir þeim sem sér með eigin augum. Ég horfi ekki *út um* augnasteinana.)

14.

Hvar erum við stödd þegar við skynjum? Í líkamanum, segir heilbrigð skynsemi. Nei, segir Sartre, við erum rétt á *undan* líkamanum.

15.

„Einangrun og landamæri. Íslendingar eru flestir í 0-blóðflokk. Mér finnst skynjun okkar einmitt oft vera á þeim 0-punkti líka. Á upphafspunktinum, á byrjunarreit“ (Haraldur Jónsson, úr bréfi til undirritaðs).

G.J.Á.

A Few Remarks on the Starting-Point of Perception

The following are a number of loosely connected remarks that occurred to me when reflecting on the work of Haraldur Jónsson. They are not an explanation of his work. Yet I have a strong feeling that these remarks approach his preoccupations, or rather move in circles around them, in a similar way to a spectator trying to orientate himself at an exhibition.

1.

We can watch, listen, touch, smell and taste one and the same object. We do not need to try to assemble an object from many perceptual characteristics. Colour, sound, texture, scent and taste – all these belong to one and the same object. If I want to concentrate on what pertains to one of the senses, for example sight, I have to "deconstruct" the object, isolate certain properties and concentrate on what relates specifically to visual perception.

2.

This is the riddle: How is it that someone who sees and touches an object is nonetheless conscious only of a single object? The seer and the toucher are not two different people, i.e. two consciousnesses in one body. To solve this riddle in times of old, people imagined that there was a common sensory organ in which all the perceptions of the different sensory organs merged, where we generate the single object that we can both touch and see. Nowadays, this is an obvious question of cerebral coordination. So what about the possibility that the sensory organs are not isolated, but mutually dependent? When we see an object we see a touchable, smellable or edible object. It demands concentration of the mind to isolate "form" and "colour."

3.

The blue of the skies might be an example of a purely visible phenomenon – no other sense is involved in our perception of the sky. But is this definitely the case? The sky is distant and touchable. It has no surface and no texture. It is above us, yet not in any specific place. Untouchability is just as important an empirical property as the texture of a surface that we can sense with our fingertips.

4.

At an exhibition in the Gerðuberg Arts Centre, Haraldur Jónsson showed two works called "Sky," which were two series of photographs taken of the sky using a powerful telescopic lens. The same photographs, thirty-six in all, were reproduced twice, printed on matted and glossy photographic paper. Of course the sky is neither matted nor glazed, even though photographs are. But if the sky has no texture, how can we be so sure that it is not matted or glossy? In the Middle Ages, people thought the sky was made of crystal. Does this mean that we perceive the sky differently today, or is it only a question of what we believe?

5.

In the darkness, the sense of hearing becomes more acute. We listen to the dark. Is it empty and hollow? Does it echo? Or does it swallow all sound, is it porous and quiet? Dead darkness or living – open or closed.

6.

Tactile hearing: touching objects through the agency of hearing. Fuzzy or hard sounds. Heavy or light sounds.

7.

"Synesthesia" is when we perceive something belonging to one field of perception, for example a sound, with the senses of another, for example sight, so that we perceive a sound in terms of colour, or colour as a scent, or scent as touch, or touch as colour, and so forth. Are these merely metaphors? Or metaphors perhaps with some empirical foundation? Is there a closer connection between the senses than we realize on first impression?

8. Visual touch

Sight and touch are very closely related. We look at the surface of

objects that have textures and varying degrees of density or suppleness. It is a natural part of seeing an object, to see it either as hard or soft. Let us imagine that we had no idea how the objects that we see feel to the touch.

9.

The story of the blind man who gained his sight and went to the zoo Oliver Sacks describes a man who had been blind from birth but gained the power of sight in middle age after an operation. The two of them went to a zoo where Sacks asked him to describe a gorilla. The man had great trouble in describing verbally what he saw, but said that he could describe it better if he could touch it. Noticing a bronze statue of a gorilla nearby, Sacks took the man over to it. The man touched the statue for a while, then turned to the cage and could see the gorilla clearly and plainly.

The man had always been interested in radio baseball commentaries and enjoyed watching televised games. Initially, Sacks thought this was a sign that he found it easy to watch television, but when he turned down the volume, the man stopped seeing anything on the screen. He seemed to depend on audial perception as much as when he was blind.

10.

Some of our perceptions do not pertain to one sense more than others, they straddle the boundary between two or more senses.

11. Dry materials

Haraldur Jónsson generally uses very dry materials in his work. Carpet, sponge, tex boards. Dry, dense but porous, sometimes fuzzy materials, that absorb sound – matted, with respect to both sight and hearing. Materials that delimit and isolate.

The opposite of dry material is slimy material, a sticky congealed lump with no permanent surface. Slime has no exterior surface or interior surface, and therefore dissolves the boundary between the external and the internal.

12. Dust and fluff

In one work, Haraldur Jónsson had gathered dust and fluff which he packed in vacuum-sealed plastic packaging. Dust is a sign of complete stasis. Where there is dust, nothing happens. Perception, on

the other hand, implies motion. The eye is restless in its socket, is in constant motion. And what is sound except the vibration of air that is perceived by the sensory hair cells of the cochlea? Perception needs motion, just like thought. Absolute stasis is therefore in a certain sense the zero-point of perception.

13.

In Rembrandt's portraits, the attention is drawn firmly towards the face and eyes. Eyes always seek out eyes. Yet in his paintings, the eyeballs are generally very dark. I have always felt them to be like black holes in the face. The head is part of the body, but the face is not, says Gilles Deleuze. The face is a surface – a hollow surface. The eyes are holes on that surface, not convex spheres.

The cavities of the eyes possess peculiar characteristics. We can look into such cavities, but not out through them.

(Or is it more natural to say: we look into cavities but out of holes? But eyes are not holes, either, for people who see things with their own eyes. I do not look out through my eyeballs.)

14.

Where are we when we perceive? In our bodies, says common sense. No, says Sartre, we are just *in front of* our bodies.

15.

"Isolation and borders. Most Icelanders are in Blood group O. I often think our perception is at that O-point too. At the beginning, at the starting-point." (Haraldur Jónsson, in a letter to the author of these remarks).

G. J. Å.

Nám

- 1984-1987 Myndlista- og handíðaskóli Íslands
1987-1990 Kunstakademie, Düsseldorf, Þýskalandi

- 1990 Meisterschüler

Styrkir

- 1991-1992 Institut des Hautes Etudes en Arts Plastiques,
Paris, Frakklandi

Einkasýningar

- 1987 Hafnargalleri, Reykjavík
1990 Kunstakademie, Düsseldorf, Þýskalandi
1990 Nýlistasafnið, Reykjavík
1992 Mokkakaffi, Reykjavík
1993 Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Reykjavík
1993 Galerie IN SITU, Aalst, Belgia
1993 Búðir, Snæfellsnesi
1994 Gangurinn, Reykjavík
1994 Nýlistasafnið
1995 Galerie Van den Berge, Goes, Holland
1995 Veraldarvefurinn (www.Smekkleysa sm/hf)
1996 Kjarvalssstaðir, Listasafn Reykjavíkur

Samsýningar

- 1989 Kunstakademie, Düsseldorf, Þýskalandi
1989 Staatstheater, Remscheid, Þýskalandi
1990 Spieldmühle, Salzburg, Austurríki
1991 EUROPE UNKNOWN, Kraká, Pólland
1992 AURORA 5, Joensuu, Finnlandi
1992 Listahátið, Kringlan, Reykjavík
1992 ISLAND-IJSLAND, DA Goes, Vlissingen, Middelburg,
Hollandi
1993 Situation '93, Reykjavík-Köln, Nýlistasafnið
1993 Kaffi með Kristi, Mokkakaffi, Reykjavík
1994 Karlímyndin, Menningarmiðstöðin Gerðuberg,
Reykjavík
1993 Ný aðlöng, Listasafn Íslands, Reykjavík
1994 Listahátið í Reykjavík
1994 HAUL, St. Katherines Docks, London
1994 SALON, Galleri Greip, Reykjavík

- 1995 17 ár, Nýlistasafnið, Reykjavík
- 1995 Íslensk samtímalist, Ernst Museum, Budapest,
Ungverjalandi
- 1995 Íslensk abstraktlist. endurskoðun, Kjarvalsstaðir,
Listasafn Reykjavíkur
- 1995 Íslensk myndlist 1900 - 1995, Kjarvalsstaðir,
Listasafn Reykjavíkur

Verk í eigu safna

- Listasafn Reykjavíkur
- Listasafn Íslands
- Listasafn Flugleiða
- Nýlistasafnið
- Einkasófn í Þýskalandi, Hollandi og Englandi

Ritstörf

- stundum alltaf, prósar, Bjartur 1995
- Mannlaus íbúð, útvarpsleikrit, RÚV 1996
- Textar í íslenskum bókmenntatímaritum og
frönskum útgáfum.

Education

- 1984-1987 Icelandic College of Art and Handicraft
1987-1990 Kunstakademie, Düsseldorf, Germany
1990 Meisterschüler

Grants

- 1991-1992 Institut des Hautes Etudes en Arts Plastiques, Paris,
Fraklandi

Solo exhibitions

- 1987 Hafnargalleri, Reykjavík
1990 Kunstakademie, Düsseldorf, Germany
1990 Living Art Museum, Reykjavík
1992 Café Mokka, Reykjavík
1993 Gerðuberg, Culture Centre, Reykjavík
1993 Galerie IN SITU, Aalst, Belgium
1993 Büðir, Snæfellsnes
1994 Gallery Corridor, Reykjavík
1994 Living Art Museum, Reykjavík
1995 Galerie Van den Berge, Goes, Netherlands
1995 World Wide Web (www) Bad Taste sm/hf
1996 Reykjavík Municipal Art Museum, Reykjavík

Joint exhibitions

- 1989 Kunstakademie, Düsseldorf, Germany
1989 Staatstheater, Remscheid, Germany
1990 Spielmühle, Salzburg, Austria
1991 EUROPE UNKNOWN, Cracow, Poland
1992 AURORA 5, Joensuu, Finland
1992 Reykjavík Art Festival, Kringlan, Reykjavík
1992 ISLAND-IJSLAND, DA Goes, Vlissingen,
Middelburg, Netherlands
1993 Situation '93, Reykjavík-Cologne, Living Art
Museum, Reykjavík
1993 Coffee with Christ, Café Mokka, Reykjavík
1994 The Male Image, Gerðuberg Culture Centre, Reykjavík
1993 New Acquisitions, National Gallery of Iceland, Reykjavík
1994 Reykjavík Art Festival, Reykjavík
1994 HAUL, St. Katherines Docks, London
1994 SALON, Galleri Greip, Reykjavík
1995 17 years, Living Art Museum, Reykjavík

- 1995 Icelandic Contemporary Art, Ernst Museum,
Budapest, Hungary
- 1995 Icelandic Abstract Art — under review, Kjarvalsstaðir
Reykjavík Municipal Art Museum, Reykjavík
- 1995 Icelandic Art 1900 - 1995, Kjarvalsstaðir, Reykjavík
Municipal Art Museum, Reykjavík

Works in Collections National Gallery of Iceland, Reykjavík
Reykjavík Municipal Art Museum, Reykjavík
The Living Art Museum, Reykjavík
Icelandair Art Collection
Private Collections in Germany, Netherlands and UK

Writings stundum alltaf, prose pieces, Bjartur 1995
Mannlaus íbúð, radio-play, The Icelandic National
Broadcasting Service, RÚV 1996
Texts in Icelandic literary magazines and French
publications

Menningarmálaneind Reyjavíkur/The Cultural Committee of the City of Reykjavík:

Guðrún Jónsdóttir, formaður/chairman

Guðrún Ágústsdóttir

Helgi Pétursson

Inga Jóna Þórðardóttir

Jóna Gróða Sigurðardóttir

Þorvaldur Þorsteinsson

Tryggvi Baldvinsson

Forstöðumaður Kjarvalsstaða/Director of Kjarvalsstaðir

Gunnar B.Kvaran

Ljósmyndun/Photography:

Kristján Pétur Guðnason

Ívar Brynjólfsson

Þýðing/Translation:

Bernard Scudder

Yfirlestur handrita/Proofreading and editing:

Bernard Scudder

Mörður Árnason

Umsjón með gerð sýningar og sýningarskrár/Curator and Catalogue production:

Kristín G. Guðnadóttir

Hönnun sýningarskrár/Catalogue design:

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Prentun/Printing:

G. Ben. Edda prentstofa hf.

Sérstakar þakkir/Special thanks:

ILFORD

Teppabúðin

Stephan Stephensen

The 1996 exhibition catalogue was published in English by the Reykjavík Municipal Art Museum. It contained 150 pages of text and 100 color illustrations. The exhibition was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

The exhibition was organized by the Reykjavík Municipal Art Museum. It was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

The exhibition was organized by the Reykjavík Municipal Art Museum. It was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

The exhibition was organized by the Reykjavík Municipal Art Museum. It was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

The exhibition was organized by the Reykjavík Municipal Art Museum. It was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

The exhibition was organized by the Reykjavík Municipal Art Museum. It was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

The exhibition was organized by the Reykjavík Municipal Art Museum. It was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

The exhibition was organized by the Reykjavík Municipal Art Museum. It was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

The exhibition was organized by the Reykjavík Municipal Art Museum. It was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

The exhibition was organized by the Reykjavík Municipal Art Museum. It was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

The exhibition was organized by the Reykjavík Municipal Art Museum. It was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

The exhibition was organized by the Reykjavík Municipal Art Museum. It was curated by Kjartan Ólafsson and organized by the Reykjavík Municipal Art Museum.

© Kjarvalssstaðir
Listasafn Reykjavíkur
The Reykjavík Municipal Art Museum
Mars — maí 1996

ISBN 9979-874-66-X

ISBN: 9979-874-66-X



KJARVALSSTAÐIR
Listasafn Reykjavíkur

Mars — maí 1996

HARALDUR JÓNSSON



Safn, 1995

bókbandspappi, plast, lofttæmi

30 x 45 cm

Museum, 1995

cardboard binding, plastic, vacuum

Kjarvalsstaðir — Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum



Sýni, 1995
ryk, úrfelli, lofttæmi
60 x 40 cm

*Sample, 1995
dust, residual particles, vacuum*

Kjarvalasstaðir — Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum



Fontur (P), 1996
tjörutex
100 x 60 x 90 cm

Font (P), 1996
agglomerated wood

Fontur (D), 1996
tjörutex
100 x 60 x 60 cm

Font (D), 1996
agglomerated wood


Kjarvalsstaðir — Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum



Íslenskt málver, 1996
ljósmynd
51 x 60 cm

*Icelandic language laboratory, 1996
photograph*

Kjarvalsstaðir — Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum



Sürefniskassar, 1996

pappakassar, sürefni, handgerð göt
hæð, dýpt og breidd breytileg

Oxygen boxes, 1996

cardboard boxes, oxygen, handmade holes
variable height, depth and width

Kjarvalsstaðir — Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum



Mono, 1993
tjörutex
30 x 15 x 9 cm

Mono, 1993
agglomerated wood

Kjarvalsstaðir — Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum



9 789979 874669



KJARVALSSTADIR

LISTASAFN REYKJAVIKUR
THE REYKJAVIK MUNICIPAL ART MUSEUM